

Efni fundar: Sjá fyrirbyggjandi dagskrá

Kópavogi, 22. júní 2023

Tilvísun:

Fundarmenn: Birgir Urbancic Ásgeirsson, Guðmundur Engilbertsson, Ingimar Ólafsson Waage, Mjöll Matthíasdóttir, Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Svala Hreinsdóttir (fyrir Svandísi Ingimundardóttur), Haraldur F. Gíslason (fyrir Jónínu Hauksdóttur).

Fjarverandi: Helga Kristín Kolbeins, Jónína Hauksdóttir, Kristín Jónsdóttir, Guðjón H. Hauksson, Svandís Ingimundardóttir,.

Fundarritari: Íris Rut Bergmann

Dagskrá fundar:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar
2. Menntakvika – 28.-29. september 2023 – tillaga lögð fram
3. Íslenskuhæfni – útistandandi mál
4. Kynningar á reglugerðinni – endurgjöf frá nýafstöðnum kynningum og næstu kynningar
5. Starfsáætlun 2023-2024
6. Plakat um almennu hæfnina
7. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar
Formaður opnaði fund, bauð fundarþátttakendur velkomna og fór yfir efni fundarins.
Engar athugasemdir gerðar við dagskrá og fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Menntakvika – 28.-29. september 2023
Búið að festa dagsetningar fyrir Menntakviku nk. haust. Hugmynd um að kennaráðið verið með erindi/kynningu. Flott væri að hafa plakatið um almenna hæfnirammann tilbúið fyrir Menntakviku. Þema menntastefna og farsæld, flétta saman við heildarkynningu frá kennaráðinu. Formaður og varaformaður kanna skráningu og halda utan um með fulltrúa HA. Opin umræða.
3. Íslenskuhæfni – útistandandi mál
Sent var minnisblað til þriggja ráðuneyta vegna íslenskuhæfni leiðbeinanda en engin svör hafa komið. Mikilvægt að skólastjórnendur tilgreini íslenskuhæfni í auglýsingum. Opin umræða.
4. Kynningar á reglugerðinni - Endurgjöf frá nýafstöðnum kynningum og næstu kynningar

Kynningarnar hafa gengið ágætlega, margar kynningar búnar. Háskólarnir stefna að kynningum fyrir sínar deildir annars vegar og kennaranema hins vegar sem verði lokið fyrir 1. október 2023. Kynnt var fyrir fræðslu,- og mannauðsstjórum sveitarfélaga í apríl, kynning gekk vel. Starfandi kennarar – áframhald kynningar verða í haustið 2023. Staðan verður aftur tekin í byrjun október.

5. Starfsáætlun 2023-2024

Formaður lagði fram drög af starfsáætlun. Formaður útskýrir lið fyrir lið af drögunum á starfsáætluninni fyrir næsta vetur. Opín umræða. Drögin samþykkt sem vinnuþlagg sem er háð breytingum.

6. Plakat um almennu hæfnina

Byrjað er að hanna plakatið og byrjað verður á almennu hæfninni. Grafiskur hönnuður er með þetta í vinnslu, náðist ekki að vera tilbúið fyrir þennan fund. Drög verða vonandi kynnt á næsta fundi. Sniðugt að hengja upp í skólum á kaffistofum starfsmanna og hafa einnig aðgengilegt á fleiri stöðum á netinu. Opín umræða.

7. Önnur mál

Náðst hefur góður árangur í nýliðunarverkefninu, um langtímaverkefni er að ræða. Nýliðastyrkir hafa fjármagn út árið 2024. Opín umræða.

Fundið slitið 14:33

Næsti fundur:

Fimmtudagur 17. ágúst 2023 kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: ÍRB